

Priðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 108/1994.

Kristín Erla Karlsdóttir

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Byggung bsvf.

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Kröfu um, að hæstaréttardómarar víki sæti, er hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Með kæru 3. mars 1994 skaut sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994, þar sem hafnað var kröfu hans um, að dómara málins, Hjördís Hákonardóttir dómsformaður og meðdómendurnir Þórdís K. Guðmundsdóttir og Stefán Svavarsson, víki sæti sem dómara í máli, sem varnaraðili hafði höfðað gegn honum. Krefst sóknaraðili þess í greinargerð 17. þ.m., að úrskurður þessi verði felldur úr gildi. Sama dag ritaði lögmaður sóknaraðila, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, Hæstarétti bréf, þar sem hann krafðist þess, að „skipaðir og settir hæstaréttardómarar við Hæstarétt Íslands víki sæti í ofan greindu kærumáli . . .“. Til stuðnings þessari kröfu vísaði lögmaðurinn í bréf, sem hann hafði sent Hæstarétti 15. mars sl., þar sem hann krafðist þess, að þeir, sem nú gegna stöðum dómara við Hæstarétt Íslands, víki sæti í þeim málum, sem hann á aðild að sem lögmaður. Í bréfi þessu vísar lögmaðurinn til ódagsetts bréfs forseta Hæstaréttar til Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og héraðsdómstólanna, sem hann kveðst hafa ljósrit af. Í bréfi þessu er fjallað um athugun og samantekt á kærumálum fyrir Hæstarétti á árinu 1993 og vakin athygli á nokkrum atriðum í því sambandi, svo sem síðar verður nánar vikið að.

Í bréfi lögmanns sóknaraðila til Hæstaréttar 15. þ.m. segir svo meðal annars:

„Mín, Tómasar Gunnarssonar, lög., var sérstaklega getið í þessu

ódagsetta bréfi forseta Hæstaréttar, f.h. Hæstaréttar og ég mat það þannig, að minn hlutur að kærumálum væri að áliti bréfitara verri en flestra annarra lögmanna, vegna þess að ég var í þriðja efsta sæti að því er varðar fjölda kærumála með sex kærur til Hæstaréttar.

Þetta bréf breytir í grundvallaratriðum stöðu minni og möguleikum til að flytja mál fyrir dómstólum landsins, bæði héraðsdómstólunum og Hæstarétti. Í þessu bréfi felst ný aðferð, að mínu mati, utan við lög og rétt, sem er til þess fallin að breyta miklu um réttarfar í landinu og hafa áhrif á rekstur og niðurstöður mála fyrir dómstólum landsins.

Meðan leynibréf sem þetta sent í nafni Hæstaréttar Íslands til héraðsdómstólanna hefur ekki verið afturkallað og yfirlýst formlega og á sannanlegan hátt gagnvart öllum sem hlut geta átt að máli, að bréfið sé ógilt, er hætt við að það verði tekið alvarlega á einhvern hátt, þótt ég treysti mér ekki til að fullyrða á hvern hátt það gerist.

Ég bendi á í þessu sambandi að ég sem lögmaður hef verið að leggja mál fyrir héraðsdómarana sem faglega leitandi menn sem kanna öll gögn ítarlega, sem málsaðilar hafa lagt fram og leitast við að taka réttmætt tillit til allra þessara atriða við uppkvaðningu úrskurða og dóma í málum. Formlegt bréf frá Hæstarétti Íslands, sem sent er með leynd til héraðsdómstólanna og metið er þar sem alvörubréf, hlýtur að hafa áhrif. Og auðvitað hafa héraðsdómarar í huga við dómsathafnir bréf eins og ódagsetta bréfið. Niðurstaða Hæstaréttar í máli er sú sem gildir endanlega. Og flestir hér á landi sem athuga dóma leggja meira upp úr niðurstöðu endanlegs dóms en rökum, jafnvel mjög traustum rökum héraðsdóms.

...

Mér virðist staða mín sem hæstaréttarlögmanns gagnvart Hæstarétti Íslands afar óljós, vegna takmarkaðra upplýsinga, sem ég hef fengið frá Hæstarétti og svör um mín mál, sem ekki hefur annað falist í en að vísa á annan aðila, þ.e. Lögmannafélag Íslands. Lögmannafélagið hefur engar upplýsingar gefið mér um tilurð bréfa forseta Hæstaréttar og ég vil auk þess fá þessar upplýsingar frá þeirri opinberu stofnun, sem í hlut á.

Við þessar aðstæður, þegar hæstaréttardómarar geta ekki svarað þeirri einföldu spurningu hvort Hæstiréttur Íslands hefur skjöl, á um tiltekið mál, sem varðar mig, og um er að ræða einn og hálfan

mánuð aftur í tímann, er ekki við því að búast að Hæstiréttur geti leyst mál sem sjálfstæður, óhlutdrægur og faglegur dómstóll, sem ég legg fyrir hann. Ég ber ekki við að leggja mál fyrir dómstól skipaðan slíkum dómurum. Tel auk þess að áður nafn greindum hæstaréttardómurum sé ekki, eftir það sem á undan er gengið, sæmandi að taka mál frá mér til umfjöllunar og dómsálagningar.“

Til stuðnings kröfu sinni um, að hæstaréttardómarar víki sæti, vísar lögmaður sóknaraðila til 1. tl. 6. gr. laga nr. 73/1975 um Hæstarétt Íslands.

Í bréfi því, sem lögmaður sóknaraðila byggir á kröfu sína um, að dómarar Hæstaréttar víki sæti í máli þessu, er, sem fyrr segir, fjallað um ýmis atriði varðandi kærumál, sem berast til Hæstaréttar, einkum með hliðsjón af þeim réttarfarsbreytingum, er urðu 1. júlí 1992. Sá kafli bréfsins, sem lögmaður sóknaraðila virðist helst bera fyrir sig, þótt það sé ekki ljóst af málalíbúnaði hans, hljóðar svo:

„Mikill meirihluti kærumála er staðfestur í Hæstarétti. Þetta getur bent til þess að ráðgjöf lögmannna sé að einhverju leyti ekki sem skyldi, sérstaklega varðandi þær kærur sem ekki varða lyktir máls. Í mörgum tilfellum verður ekki séð að nokkur tilgangur sé með kærinni, nema hann sé þá sá að hefta framgang málsins. Hæstiréttur ætti hugsanlega að beita ákvæðum um refsímálskostnað í ríkara mæli en gert er.“

Í skrá, sem fylgdu bréfinu, var kærumálum á árinu 1993 skipt eftir efni eftir úrslitum málanna í Hæstarétti og eftir þeim héraðsdómstólum, er málin komu frá. Að lokum var skrá yfir „lögmennt, embætti og aðila er staðið hafa að kærur til Hæstaréttar“. Í þessari skrá er nafn lögmanns sóknaraðila nefnt ásamt 71 nafni annarra lögmannna.

Í áður nefndu bréfi forseta Hæstaréttar er almennt fjallað um nokkur atriði varðandi meðferð og fjölda kærumála. Þótt nafn lögmanns sóknaraðila sé að finna á fyrrgreindri skrá, er fylgdi bréfinu, verður ekki á það fallist, að það geti valdið því, að staða dómara Hæstaréttar gagnvart lögmanninum teljist með þeim hætti, að þeir séu vanhæfir til að dæma í máli þessu, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1973. Verður kröfu lögmanns sóknaraðila um, að þeir víki sæti, því ekki sinnt.

D ó m s o r ð:

Kröfu Tómasar Gunnarssonar, lögmanns sóknaraðila, Kristínar Erlu Karlsdóttur, að dómarar málsins í Hæstarétti víki sæti, er hafnað.
